

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildir vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979.

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að vegna gífurlegrar hækkunar á verði innflutts eldsneytis að undanfögnu beri brýna nauðsyn til að grípa þegar til ráðstafana í því skyni að draga úr oliunotkun og hraða framkvæmdum á sviði innlendar orkuframleiðslu og dreifingar. Í þessu skyni þurfi að heimila lántöku og gefa ábyrgðarheimildir fyrir fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs umfram það sem ákveðið var með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1979, er nemi 2 275 millj. kr. Fyrir því eru hérmeð sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1 570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveitufamkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveitufamkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr. með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 10. júlí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.